

## Skólaráð Oddeyrarskóla

### 3. fundur - 12. janúar 2016

**Mætt:** Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri, Kristín Hallgrímsdóttir ritari, Ylfa María nemandi í 10.bekk, Árni Hermannsson fulltrúi foreldra forföll, Unnur Vébjörnsdóttir fulltrúi foreldra, Hafdís Bjarnadóttir kennari, Anna Lilja Sigurvinsdóttir kennari.

**Forföll:** Kristbjörg, Árni, Ingunn, Anna Kristjana

#### Dagskrá fundar:

1. Niðurstöður samræmdra prófa, örstutt yfirlit.
2. Niðurstöður ytra mats og kynning á umbótaáætlun
3. Kirkjuheimsóknir bekkja - heimsóknir frá Gideon. [Lög um grunnskóla: „Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi“.](#)
4. Árshátíð - leikstjórn, sem greidd hefur verið af stjórn foreldrafélags.
5. Önnur mál:
  - a. rekstur mötuneytis
  - b.

#### Niðurstöður samræmdra könnunarprófa haustið 2015

##### ❖ 4.bekkur

- Var 2,9 stigum yfir landsmeðaltali í íslensku. Ritun kom sérlega vel út sem er mjög ánægjulegt.
- Kom mjög vel út í stærðfræði, 35,2.

##### ❖ 7.bekkur

- Var 1,9 undir landsmeðaltali í íslensku. Lestur kom þó vel út og var yfir landsmeðaltali. Málnotkun kom verst úr af þeim þáttum sem prófaðir eru.
- Var með 29,2, reikningur og aðgerðir koma best út, rúmfræði síst.

##### ❖ 10.bekkur

- Var 1,6 undir landsmeðaltali íslensku. Lestur og málnotkun kom bestu út af þáttunum og ritun verst.
- Var yfir landsmeðaltali, 31,0. Allir prófapættir voru yfir landsmeðaltali sem er mjög gott.
- Enska 26, 2 í heildartölu sem er talsvert undir landsmeðaltali.

#### Umræður - hvað er hægt að gera?

Hverjar eru kröfunar? Frá skóla, heimilum? Eru þessi próf reiknuð inn í lokaeinkunn? Ekki tekið með í lokaeinkunn hér. Prófin ekki endilega miðuð við það sem nemendur hafa lært, ekki samin út frá hæfniviðmiðum. Við viljum ná góðri einkunn, en við viljum ekki endilega eyða haustdögum í massíva upprifjun. Jafnar kröfur og metnaður öll árin, einstaklingsmiðað nám alla skólagönguna.

## Niðurstöður úr ytra mati haustið 2015

- ❖ Fjórir matsþættir:
  - Stjórnun
  - Nám og kennsla
  - Innra mat
  - Skóli án aðgreiningar - valþáttur sem við óskuðum eftir

Farið yfir helstu niðurstöður og þær ræddar. Drög að umbótaáætlun kynnt. Verður farið betur yfir hana síðar.

## Kirkjuheimsóknir bekkja - heimsóknir Gideonmanna:

- ❖ Frestað fram að næsta fundi v. fámennis

## Árshátíð - leikstjórn

- ❖ greiðslu til leikstjóra frá foreldrafélaginu voru lækkaðar úr 80-60 þús og kemur sér illa. Unnur ætlar að ræða þetta í stjórn foreldrafélagsins.
- ❖ Óðinn Valsson hefur verið hér í u.þ.b. 8 ár og staðið sig mjög vel.
- ❖ Rætt hafði verið í stjórn foreldrafélags hvort að ætti að kaupa leikstjóra eða láta peninginn sem verður afgangur (ef ódýrari leikstjórn fæst) í ferðasjóð 10. bekkjar.
- ❖ Mikill vilji hjá skólanum að halda í launaðan leikstjóra sem kemur utan að.
- ❖ Skólinn mun mismuninn að þessu sinni ef foreldrafélagið heldur sig við sína ákvörðun.
- ❖ Árshátíðarsýningar voru færðar fram til kl. 12 og 14. Fólki líst vel á það.

## Önnur mál:

- ❖ Rekstur mötuneytis
  - Rekstur leit ekki vel út í sumar. Nýir matráðar hafa snúið rekstrinum við um heila milljón. Matur unninn frá grunni, hollur og góður. Allt brauð bakað frá grunni. Aukin nýting á mötuneyti.
- ❖ Aðalfundur foreldrafélags verður fyrr næsta haust svo hægt verði að kjósa fulltrúa í skólaráð með löglegum hætti.

## Fundi slitið: 15:25

**Næsti fundur:** þriðjudaginn 16. febrúar kl. 14:30. Málefni fundar: Ytra mat frh., rekstur ársins 2015. Útlit um rekstur 2016 (fjárhagsáætlun). Kirkjuheimsókir.